

# Velkomin í VMA!

Fagmennska - Fjölbreytni - Virðing



## Haustönn 2017

Skólaárið 2017-2018 hefst föstudaginn 18. ágúst.

Nýnemar (nemendur sem eru að koma úr grunnskóla) mæta í **Gryfjuna** föstudaginn **18. ágúst kl. 8:00** til að fá stundatöflur sínar afhentar en í kjölfarið hitta nemendur umsjónarkennara sína.

Opnað verður fyrir stundatöflur nemenda í Innu 17. ágúst.

**Kennsla hefst samkvæmt stundatöflu kl. 9:55 hjá öllum nemendum skólans.**

Fundur fyrir **nýja nemendur** (aðra en nýnema) verður haldinn **föstudaginn 18. ágúst kl. 9:00 í M-01**, mikilvægt er að þeir sem hafa ekki áður verið í VMA

eða hafa ekki verið nemendur skólans á síðasta skólaári komi á þann fund.

## SKÓLINN

Skólinn er staðsettur á **Eyjarlandsholti** og er **skrifstofa skólans** staðsett austast í byggingunni, við aðalinngang skólans.

Skrifstofan er opin frá kl. 8.00 - 15.00 virka daga. Sími á skrifstofu er 464 0300.

Á skrifstofu er hægt að fá upplýsingar, kaupa námsgögn og aukinn prentkvóta. Í upphafi annar fá nemendur 100 blaða prentkvóta. Ljósritunarvélar eru staðsettar víðs vegar um skólann.

## TÖLVUÞJÓNUSTA OG MOODLE

Allir nemendur hafa aðgang að tölvukerfi skólans og er **þráðlaust net** opið, með sama aðgangsorði og í **tölvupóstinn** (vma-aðgangsorð).

VMA hefur kosið að innleiða **G Suite for Education** frá **Google** fyrir alla starfsmenn og nemendur frá og með haustönn 2017. Grunnþjónusturnar sem verða notaðar í skólanum eru: **Gmail** (tölvupóstur), **Drive** (drif), **Google Calendar** (dagatal), **Contacts** (tengiliðir), **Docs** (skjöl), **Forms** (eyðublöð), **Sheets** (töflureiknir), **Slides** (skyggjur) og **Hangout** (spjall og fjarfundir).

Litið er á tölvupóst sem kennarar og stjórnendur skólans senda á vma-netfang sem ígildi bréfs og er tölvupóstur aðferð skólans til að koma skilaboðum til nemenda, áminningu um mætingu eða annað er varðar nám þeirra.

Frá og með haustönn 2017 er ætlast til að allir nemendur komi með sínar eigin tölvur í skólann.

## INNA

Til þess að fá aðgang að **upplýsinga- og kennslukerfi Innu** er smellt á "Sækja nýtt lykilorð". Nemendur skrá inn kennitölu og velja réttan skóla og fá þá sent lykilorðið í tölvupósti. Sama gildir um þá nemendur sem ekki hafa farið inn í kerfið áður.

Í Innu geta nemendur skoðað stundatöflu, námsframvindu, mætingu og miðannarmat. Mikilvægt er að nemendur gæti þess að netföng þeirra og símanúmer séu rétt skráð og að þeir séu auðþekkjanlegir af myndinni sem þar er.

Aðstandendur ólöggraða nemenda fá einnig aðgang að Innu og nemendur eldri en 18 ára geta sjálfir veitt foreldrum eða forráðamönnum aðgang að Innu.

## BÓKASAFN OG NÁMSVER

Bókasafn skólans er opið frá kl. 8.00 - 18.00 virka daga (föstudaga 8.00-15.00). Góð samvinna er við önnur bókasöfn og þar eru einnig tvær tölvustofur og lokuð lesstofa.

Í námsveri skólans geta nýnemar fengið aðstoð við próftöku og heimanám auk þess sem þar er veitt aðstoð í almennum grunngreinum.

## TÖFLUBREYTINGAR

Töflubreytingar eru fyrir þá nemendur sem ekki fengu áfanga í töflu samkvæmt vali. Töflubreytingar eru gerðar rafrænt í Innu. Hægt er að breyta töflum frá fimmtudeginum 17. ágúst til hádegis, þriðjudagsins 22. ágúst. Útskriftarnemendur geta farið til sviðsstjóra með töflubreytingar.

## HVAÐ ÞÝÐA NÝJU ÁFANGAHEITIN?

Allir áfangar í VMA eru nú með nýjum áfangaheitum. **ÍSLE2HS05** stendur fyrir íslenskuáfanga á 2. þrepi. HS er skammstöfun fyrir innihald áfangans og 05 = 5 einingar.



## ÚRSÖGN ÚR ÁFANGA

Hyggist nemandi segja sig úr áfanga þarf hann fylla út sérstakt eyðublað hjá viðkomandi **sviðsstjóra**. Nemendur yngri en 18 ára þurfa samþykki forráðamanns fyrir úrsögn úr áfanga.

## ÚTSKRIFTARNEMENDUR

Nemendur sem stefna á útskrift á önninni þurfa að muna að skrá sig til útskriftar hjá viðkomandi **sviðsstjóra**.

## VAL FYRIR NÆSTU ÖNN

Um miðja önn þurfa nemendur að velja þá áfanga sem þeir ætla að taka á næstu önn. Námsmat er með ýmsum hætti en heildarmat í lok áfanga er við lok annar.

## SKÓLADAGATAL

### *Mikilvægar dagsetningar!*

18 ágú	24 sept	31 sep	10 okt	11 okt
30 okt	22 nóv	4 des	8 des	21 des

## UMSJÓNARKENningarAR

Markmið umsjónarinnar er að styðja við bakið á nemendum. Umsjónarkennari veitir nemendum sínum ráðgjöf er lýtur að námi hans og ástundun og er jafnframt tengiliður skólans við heimili nemenda. Nafn umsjónarkennara kemur fram á stundartöflu nemenda. Umsjónarkennarar nýnema kenna þeim lífsleikni allt fyrsta árið.



## UPPLÝSINGAR UM FORFÖLL KENningarAR

Upplýsingaskjáiur eru við innganga skólans þar sem koma fram upplýsingar um hvað er á döfinni og hvaða kennarar eru fjarverandi þann daginn. Nemendur fá einnig tilkynningu um fjarveru kennara í vma-tölvupóstinn þegar kennari hefur sett inn tilkynningu.



## NEMENDAVERND

Námsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingur og forvarnarfulltrúi mynda nemendaverndarteymi innan skólans.

**Námsráðgjafar** eru **Ásdís Birgisdóttir** og **Svava Hrönn Magnúsdóttir**. Námsráðgjafar eru til viðtals fyrir nemendur um allt sem lýtur að námi þeirra og persónulegum málum. Einnig veita þær foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf í málum einstakra nemenda. Námsráðgjafi er málsvari nemenda innan skólans. Upplýsingar um **viðtalstíma námsráðgjafa** er að finna á heimasíðu skólans.

**Forvarnarfulltrúi** er til viðræðu við nemendur sem hafa áhyggjur af eigin vímuefnaneyslu, vina sinna eða vandamanna. Forvarnarfulltrúi VMA er **Valgerður Dögg Jónsdóttir**.

**Skólahjúkrunarfræðingur** sinnir almennri hjúkrunarþjónustu við nemendur og hefur eftirlit með sérstökum heilsuvanda nemenda ef foreldrar óska eftir því. Sömuleiðis er hægt að leita til hjúkrunarfræðings með ýmsar spurningar er varða heilbrigði og heilsufar. Hjúkrunarfræðingur sinnir bráðatilvikum sem upp koma innan skólans. Hjúkrunarfræðingur er til viðtals í skólanum og á heimavist VMA og MA. Skólahjúkrunarfræðingur VMA er **Hannesína Scheving**.

## SÉRÚRRÆÐI Í NÁMI OG PRÓFUM

**Harpa Jörundardóttir**, sviðsstjóri tekur á mótí greiningum nemenda sem þurfa einhverja tilhliðrun vegna námserfiðleika.

## FORELDRAFÉLAG VMA

Foreldrafélag er starfandi við skólann. Fimm forráðamenn nemenda í skólanum og þrír varamenn sitja í stjórn félagsins. Hlutverk þess er að styrkja samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda og styðja við starf skólans. Tengiliður við félagið er Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari ([huld@vma.is](mailto:huld@vma.is)).



## SKÓLASÓKN

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega í kennslustofu. Nemandi sem er fjarverandi meira en 20% af kennslutíma annarinnar telst fallinn í áfanganum.

Leyfi og veikindi reiknast ekki til frádráttar en heimilt er að taka tillit til langvarandi veikinda og skulu þau staðfest með læknisvottorði. Nemendur eða forráðamenn skulu tilkynna veikindi fyrir kl. 12 samdægurs á skrifstofu skólans, s. 4640300. Nemendur eldri en 18 og forráðamenn ólögráða nemenda geta skráð inn veikindi í Innu.

## MÖTUNEYTI

Mötuneyti er staðsett í hjarta skólans, í Gryfjunni. Mötuneytið er opið frá 7.50-15 (fös 7.50-13). Lögð er áhersla á fjölbreytt úrval sem og heita máltíð í hádeginu. Mötuneytið er rekið af Kaffi Torg - Norðurlyst og er matseðil að finna á [heimasíðu þeirra](#).

## HEIMAVIST VMA OG MA

**Heimavist MA og VMA** er fyrir nemendur sem stunda nám við Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri. Heimavistin er

staðsett á syðri brekkunni við Eyrarlandsveg, við hliðina á Íþróttahöllinni og Menntaskólanum á Akureyri, í göngufæri frá VMA.

## FÉLAGSLÍF

Verkmenntaskólinn leggur áherslu á að í skólanum sé mikið og fjölbreytt félagslíf. Nemendafélag skólans heitir **Þórduna** og er með skrifstofu í miðrými skólans. Hlutverk nemendafélagsins er að halda utan um félagslíf skólans, klúbba, keppnir innan og utan skóla sem og aðrar upptakomur. Viðburðarstjóri er **Pétur Guðjónsson**.

## UMGENGNI

Notkun **farsíma** og annarra snjalltækja í kennslustund er háð samþykki/heimild kennara hverju sinni.

**Reykingar** og öll **notkun tóbaks**, þ.m.t. munntóbaks og rafsígarettna, er óheimil í húsnæði á lóð skólans.

**Geymsluskápar** er til afnota fyrir nemendur gegn vægu gjaldi. Gildir reglan fyrstur kemur, fyrstur fær. Skápa á að tæma og skilja eftir opna í lok skólaárs að vori.



Verkmenntaskólinn  
á Akureyri

[Heimasíða VMA](#)

Verkmenntaskólinn á Akureyri  
Hringteigur 2  
+354-464 0300